

6

13. jan.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919 og lög nr. 88 11. júní 1938, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

1. gr.

Við 79. gr. komi ný mgr. svo hljóðandi:

Ákvæði 77. og 78. greinar taka og til knattborðstofa, eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. janúar 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

7

16. jan.

AUGLÝSING

um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

Samkvæmt lögum nr. 10 1. febrúar 1936, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum, verða þeir, sem óska að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda sildarlýsi, þorskalýsi, sildarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, gærur, skinn eða ull, að fá til þess leyfi Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Enn fremur verða þeir, sem óska að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda hrogn, harðfisk eða lax, að fá til þess leyfi fiskimálanefndar.

Umsóknnum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana.

Brót á ákvæðum þessum varðar sektum samkvæmt lögum.

Fyrri auglýsingar um þetta efni eru burtu fallnar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.